

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar (stjórnvaldssektir og viðurlög).

(Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Athugasemdir frá :

Fiskmarkaði Íslands. Páll Ingólfsson

Fiskmarkaði Suðurnesja Ragnar Kristjánsson

Reiknistofu fiskmarkaða. Bjarni Áskelsson

1. gr.

Við 2. mgr. 6. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Búnaður til vigtunar og hugbúnaður tengdur honum skal vera með þeim hætti að tryggt sé að allur afli sé vigtaður og skulu upplýsingar um niðurstöðu vigtunar vera aðgengilegar Fiskistofu og geymdar í sérstökum gagnagrunni, á formi sem stofnunin ákveður, í a.m.k. fimm ár. Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um vigtunarbúnað þar sem m.a. er heimilt að kveða á um gerð og virkni voga, innsigli á búnaði til vigtunar og hugbúnað tengdan honum og nauðsynlegar upplýsingar um niðurstöðu vigtunar.

Athugasemd: Við breytingu sem þessa verður að taka tillit til þess búnaðar sem almennt er notaður í dag. Þær vogir sem almennt eru notaðar við endurvigtun á fiskmörkuðum bjóða ekki upp á þann möguleika að vista upplýsingar yfir lengra tímabil. Við ákvörðun um gerð búnaðar og virkni þarf að taka tillit til þess og heimila eðlilegan aðlögunartíma.

2. gr.

3. mgr. 9 gr. laganna orðast svo:

Skipstjórar fiskiskipa skulu halda sérstaka rafræna afladagbók. Með reglugerð er heimilt að kveða á um:

1. Upplýsingar sem skrá skal í afladagbækur, form þeirra, kröfu um nákvæmni við skráningu á magni afla, skil á afladagbókum til Fiskistofu o.fl.

2. Undanþágu frá skyldu til að halda rafræna afladagbók við sérstakar aðstæður, svo sem ef búnaður er bilaður eða ef aðstæður um borð í fiskiskipi eru þannig að ekki er unnt að færa rafræna afladagbók þar.

3. gr.

1. og 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að taka við, vinna, stunda viðskipti með afla eða hafa milligöngu um viðskipti með afla sem ekki hefur verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávaraflla.

Aðilar sem taka við, vinna, stunda viðskipti með afla eða hafa milligöngu um viðskipti með afla og forsvarsmenn útgerða vegna viðskipta með afla eða afurðir vinnsluskipa skulu fylla út og skila skýrslum um ráðstöfun afla í því formi og með þeim hætti er ráðuneytið ákveður.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 13. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum: „sambærilegar veiðar“ í 1. málsl. kemur: eða að ekki sé farið að lögum og reglum um veiðarfæri.
- b. Í stað orðanna „sjö daga eða sjö“ í 2. og 4. málsl. kemur: tvo daga eða tvær.
- c. Í stað orðanna „áttunda degi eða áttundu“ í 4. málsl. kemur: þriðja degi eða þriðju.

5. gr.

Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: sbr. 3. mgr. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða.

6. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Brot gegn fyrirmælum um afladagbækur skv. 3. mgr. 9. gr. varða sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni. Svipting skal vara þar til skil hafa verið gerð eða skýringar gefnar á ástæðum vanskila samhliða úrbótum

7. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr., svohljóðandi:

Telji Fiskistofa að fyrir liggji rökstuddur grunur um að vigtunarleyfishafi fari ekki að lögum og reglum um vigtun og skráningu sjávarafla er Fiskistofu heimilt að krefja vigtunarleyfishafa um greiðslu kostnaðar við sérstakt eftirlit með vigtun og skráningu sjávarafla hjá viðkomandi vigtunarleyfishafa. Skal vigtunarleyfishafa tilkynnt um ákvörðun Fiskistofu. Skal vigtunarleyfishafi greiða allan kostnað við slíkt eftirlit, þar með talinn launakostnað eftirlitsmanna.

Athugasemd: Teljum að þessi heimild eigi eingöngu við ef niðurstaða eftirlits og rannsóknar er sú að viðkomandi hafi brotið af sér. Þ.e. ef sekt sannast þá er heimilt að innheimta kostnað af viðkomandi. Það að veita Fiskistofu opna heimild til innheimtu kostnaðar byggða á grunsemdum er ekki í takt við nútíma opinbert eftirlit eða réttarfar.

8. gr.

Á eftir orðunum „samkvæmt þessum kafla“ í 18. gr. laganna kemur: öðrum en um álagningu stjórnvaldssekta.

9. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein, 18. gr. a, svohljóðandi:

Fiskistofa getur lagt stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila ef hann:

- a. hagar veiðum þannig að afli skemmist í veiðarfærum eða brýtur gegn ákvæðum í reglugerð um notkun einstakra veiðarfæra, sbr. 1. mgr. 2. gr.,
- b. brýtur gegn 2. mgr. 2. gr. um skyldu til að hirða og landa öllum afla,
- c. brýtur gegn 2. mgr. 3. gr. um að óheimilt sé að hefja veiðiferð nema skipið hafi aflaheimildir,
- d. brýtur gegn 1. mgr. 4. gr. um notkun veiðarfæra,
- e. brýtur gegn 2. mgr. 5. gr. um að senda tilkynningar til Fiskistofu,
- f. brýtur gegn 1. eða 2. mgr. 6. gr. um skyldu til vigtnar afla,
- g. sem löggiltur vigtunarmaður brýtur gegn 7. gr.,
- h. hindrar störf eftirlitsmanns skv. 1. mgr. 8. gr.,
- i. brýtur gegn ákvæðum 9. gr. um meðferð afla, upplýsingagjöf og afladagbækur,
- j. sem ökumaður afla brýtur gegn 10. gr.,
- k. brýtur gegn 1. mgr. 12. gr. um meðferð afla sem ekki hefur verið veginn samkvæmt reglum um vigtnu sjávaraflla.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 50 þús. kr. til 50 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 250 þús. kr. til 150 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til þeirra hagsmuna sem í húfi eru, alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, hvort brot leiðir til rangskráningar afla, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða sl. tvö ár. Ráðherra er heimilt að ákveða fjárhæðir sekta sem lagðar eru á samkvæmt einstökum tölulíðum þessarar greinar í reglugerð, innan þess ramma sem ákveðinn er í þessari málsgrein.

Gjaldlagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar er aðfararhæf og renna sektir í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Stjórnvaldssektum skal beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Stjórnvald getur fellt mál niður í stað þess að leggja á stjórnsluviðurlög ef:

- a. ómögulegt var að koma í veg fyrir brot,
- b. brot er mjög smávægilegt,
- c. ef sérstaklega stendur á og álagning stjórnsluviðurlaga þykir ekki brýn af almennum réttarvörsluáæðum.

Aðili máls getur einungis skotið ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla. Málshöfðunarfrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðun var tekin. Slíkt málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

Athugasemd: Þessi ákvæði veita Fiskistofu heimild til að leggja á stjórnvaldssektir. Slík heimild er vandmeðfarin. Gera verður kröfu um það að Fiskistofa hafi yfir að ráða starfsfólki sem hefur menntun og hæfni til þess að fara með þá heimild.

10. gr.

Við lokamálslið 21. gr. laganna bætist: og um álagningu stjórnvaldssekta skv. 18. gr. A

11. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fiskistofu er heimilt að taka gjald fyrir vinnslu sértækra upplýsinga ef hún krefst vinnu sem telst umfram venjulega gagnaskráningu og gagnamiðlun stofnunarinnar.

12. gr.

Á eftir orðunum „reglum settum samkvæmt þeim“ í 1. mgr. 23. gr. laganna kemur: sem ekki varða álagningu stjórnvaldssektar skv. 18. gr. a.

13. gr.

Í stað 2. mgr. 23. gr. laganna koma fimm nýjar málsgreinar, 2.–6. mgr., svohljóðandi:

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fiskistofu.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fiskistofa með tilliti til grófleika brots og réttarvörslusjónarmiða hvort sá hluti málsins sem varðar refsíabýrgð einstaklings skuli kærður til lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála. Með kæru Fiskistofu skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fiskistofu að kæra mál til lögreglu.

Fiskistofu er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem falla undir 3. mgr. Fiskistofu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem falla undir 3. mgr.

Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Fiskistofu í té upplýsingar og gögn sem þau hafa aflað og tengjast þeim brotum sem falla undir 3. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fiskistofu sem varða rannsókn þeirra brota sem falla undir 3. mgr.

Ákærandi getur sent mál sem varðar brot á þessum lögum og gögn því tengd til Fiskistofu til meðferðar og ákvörðunar.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæðum 3.–5., 8.–10. og 12.–13. gr. verður þó aðeins beitt um verknaði sem er lokið eftir gildistöku þeirra, en um eldri mál fer samkvæmt ákvæðum eldri laga.

15. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku þessara laga breytast eftirfarandi lagaákvæði sem hér segir:

1. *Lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006*: 1. mgr. 17. gr. fellur brott.
2. *Lög um veiðieftirlitsgjald, nr. 33/2000*: Í stað tölunnar „19.500“ í 1. másl. 4. mgr. 4. gr. kemur: 29.000.